

Foreldraráðsfundur 13. febrúar kl. 8:10-9:30

Mætt:

Baldur Pálsson (aðstoðarskólustjóri), Birna Helgadóttir (foreldraráð), Helga Sverrisdóttir (foreldrafélag), Kristín Jónína Gísladóttir (foreldraráð), Ólína E. Thoroddsen (aðstoðarskólustjóri), Sigfús Grétarsson (skólustjóri, Grunnskóli Seltjarnarness), Sigurlína Margrét Magnúsdóttir (foreldraráð).

Fundarstaður

Mýrarhúsaskóli

Ritari:

Kristín

Eftirfarandi var rætt:

Skóladagatal. Umræða.

Drög að skóladagatali voru borin undir foreldraráð. Í könnun sem gerð var meðal foreldra um hvernig best væri að haga vetrarfrí kom í ljós að flestir vildu hafa vikulangt vetrarfrí á haustönn. Í drög að skóladagatali er hins vegar gert ráð fyrir að vetrarfríið verði 3 dagar á haustönn og ekkert á vorönn. Foreldraráð benti á þetta misræmi og báðu um útskýringar. Skólustjórnendur útskýrðu að ekki hafi tekist að haga vetrarfríinu í samræmi við útkomu könnunarinnar vegna þess að kennarar áætla að fara í námsferð erlendis til þess að fara á námskeið varðandi uppbyggingarstefnuna. Foreldraráð taldi að það mætti kanna aftur hug foreldrar til vetrarfrísins og hafa möguleikann "annað" í boði.

Foreldráð gerir ekki frekari athugasemdir við drög að skóladagatali.

Nýjungar við gerð stundataflna í Való

Baldur sagði frá því að ráðgert er að breyta fyrirkomulagi frímínútna og matarhléa í Valhúsaskóla á næsta ári. Þannig verða ekki allir í hléi á sama tíma og vonast er til að það skapi minni örtröð á göngum og meiri ró. Gert er ráð fyrir að stundatöflur verði einnig skipulagðar þannig að aukið svigrúm gefist til að blanda bekkjum og kenna í námshópum. *Foreldraráð fagnar þessum fyrirætlunum og telur þetta góð leið til að bæta nám og til að bæta umgengni á göngum og örtröð í mótuneyti.*

Skólanámskrá

Foreldraráð hefur skilað inn umsögn um skólanámskrá og spyr hvernig ætlunin sé að vinna með hana í vor og uppfæra fyrir næsta ár? Skólustjórnendur útskýra að farið verði yfir skólanámskrá fyrir næsta ár nú í vor og gerðar breytingar eftir þörfum. Gert ráð fyrir að uppfærð skólanámskrá liggi fyrir, fyrir sumarið.

Kennararáð og aðkoma þeirra að áætlunum.

Foreldraráð spurði um kennararáð. Skóladagatal hefur þegar verið borið undir kennararáð. Skólustjórnendur telja mikilvægt að auka aðkomu kennararáðs að áætlunum. Ætlunin er að koma því í skýrari farveg, þannig að reglulega verði fundað með kennararáði.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 2. apríl kl. 8:10-9:30 í Valhúsaskóla